



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Fossakot & Korpukot



2023 - 2024

Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:	5
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
1.1 Áherslur í starfi leikskólans.....	7
1.1.1 Lífsgildin.....	7
1.1.2 Skilvirkt málstarf.....	7
1.1.3 Vináttuverkefnið Blær	8
1.1.4 Lýðræði.....	8
1.2 Megináherslur LFA í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar.....	9
1.2.1 Félagsfærni	9
1.2.2 Sjálfsefling.....	10
1.2.3 Læsi.....	10
1.2.4 Sköpun.....	11
1.2.5 Heilbrigði	12
1.2.6 Að lokum.....	12
2 Mat á leikskólastarfi.....	13
2.1 Ytra mat.....	14
2.2 Matsáætlun/umbótaáætlun leikskólans 2023-2024.....	14
3 Innra mat deilda leikskólans.....	17
3.1 Innra mat og umbótaáætlun Sælukots.....	17
3.3 Innra mat og umbótaáætlun Sunnukots	19
3.4 Innra mat og umbótaáætlun Bjartakots.....	20
3.5 Innra mat og umbótaáætlun Fagarakots.....	22
3.6 Innra mat og umbótaáætlun Skólahóps.....	24
3.7 Innra mat og umbótaáætlun Litlakots.....	25
3.8 Innra mat og umbótaáætlun Krílakots	26
3.9 Innra mat og umbótaáætlun Krakkakots.....	28



3.10	Innra mat og umbótaáætlun Stórakots.....	30
	Innra mat og umbótaáætlun sérkennslu.....	31
4	Innra mat og umbótaáætlun – fjöltyngd börn	32
5	Starfsmannamál, starfspróunarsamtöl og fræðsla.....	33
5.1	Starfsmannahópurinn 1. júní 2023.....	33
5.2	Starfspróunarsamtöl.....	34
5.3	Fræðsla	34
6	Aðrar upplýsingar	35
6.1	Fossakot.....	35
6.2	Korpukot.....	37
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	38
8	Foreldrasamvinna.....	38
8.1	Foreldrafundir	38
8.2	Foreldrasamtöl	39
8.3	Foreldraráð.....	39
8.4	Foreldrafélag	39
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	39
9.1	Skipulagsdagar.....	39
9.2	Leikskóladagatal	40
10	Fylgigögn.....	40



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hug-myndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsmönnum, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Leiðarljós leikskólans:

Leiðarljós okkar í leikskóla LFA ehf. Fossakoti og Korpukoti er að skila til þjóðfélagsins námsfúsum og lífsglöðum börnum með jákvætt viðhorf til samfélagsins. Börnum með sterka sjálfsmynd og heilbrigða siðferðiskennd. Börnum sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og samfélaginu. Einkunnarorð leikskólans er „Það er leikur að læra“.

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari, auka gagnsæi og sýna fram á að innra mat er umbótamiðað. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá leikskóla, menntastefnu Reykjavíkurborgar og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun þessi á að veita öllum hagsmunaaðilum leikskólans upplýsingar um starfsemi leikskólans og þar er fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig verður unnið að umbótum.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Loksins kom að því að skólastarfið gekk eðlilega fyrir sig eftir skrautleg undanfarin ár vegna Covid 19. Við stilltum okkur þannig inn á endurræsingu fyrir nýtt skólaár og það var því jákvæður starfsmannahópur sem kom úr sumarfríi í ágúst, tilbúinn í nýtt skólaár án allra takmarkana og fullt af metnaðarfullu starfi.

Við lögðum af stað með breyttu fyrirkomulagi aðlögunar og fengum foreldra inn til okkar í lengri viðveru en nokkru sinni áður á meðan aðlögun barnanna stóð og gafst það vel. Gangur og ferli aðlögunarinnar var metið svo að við ætlum að halda þessu fyrirkomulagi áfram og upplifun starfsmannahópsins var aukin öryggistilfinning barnanna og betri kynni við foreldra.

Þá tókumst við á við þá áskorun sem Betri vinnutími hefur í för með sér fyrir leikskóla. Ný nálgun á verkefninu leiddi okkur áfram veginn í þessu verkefni sem er krefjandi í ljósi þess að ekki er hægt að skerða opnunartíma leikskólans eða þjónustu við börnin. Við settum fram fjögurra þrepa áætlun í átt að fullri styttingu, þ.e. 36 klst. vinnuviku miðað við fullt starf. Við erum nú í 2. þrepi sem gengur ágætlega. Það er síðan hlutverk starfsmannahópsins í heild að meta hvenær við erum tilbúin að færa okkur í 3. þrep.

Í byrjun skólaársins hófst einnig vinna með ytri ráðgjafa að gerð jafnlaunastefnu með það að markmiði að öðlast jafnlaunavottun. Stefna skólans er að allir starfsmenn njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf og þau viðmið sem sett eru fram fela ekki í sér kynjamismun eða aðra mismunun. Í apríl fengum við vottun á að jafnlaunakerfi skólans uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru skv. staðlinum ÍST 85:2012 og hefur Jafnréttisstofu verið tilkynnt um vottunina.

Árslok 2022 færði okkur annað krefjandi en spennandi verkefni þegar foreldrum barna leikskólans Bakka sem rekinn var af Reykjavíkurborg stóð til boða að flytja börn sín í Korpukot þar sem



áætlað var að loka Bakka 12. desember sl og foreldrar barnanna þágðu að flytja börn sín í Korpukot. Þetta bar brátt að og á innan við viku var stjórnendateymi búið að undirbúa kynningarfund, bjóða foreldrum á þann fund, kynna starfið og í kjölfarið var börnunum boðið að hefja aðlögun 30. nóvember sl. Eldmóður var í starfsmannahópnum sem var einuhuga um að takast vel á við þetta verkefni og með stolti get ég sagt að þetta stóra verkefni sem kom skjótt að gekk vel að öllu leiti. Börn og foreldrar eru ánægðir og eru nú hluti af þeim stóra hópi sem velur að dvelja í Korpukoti.

Eins og hefur komið fram hefur skólaárið verið uppfyllt af ólíkum verkefnum og skemmtilegum áskorunum og er það ekkert launungamál að mannauðurinn skiptir lykilmáli. Hér hjá LFA ehf. starfar stór og fjölbreyttur hópur af fólki. Að hafa starfsfólk með margvíslega menntun og reynslu gerir leikskólann að fjölbreyttum og áhugaverðum vinnustað sem gott að stafa á, þar sem gleði og jákvæðni einkennir mannauðinn. Áhersla er lögð á að nýta styrkleika hvers og eins vel svo allir fái sín notið í starfi. Starfsfólk sem ekki er með stúdentspróf er markvisst hvatt til að hefja nám leikskólaliða til að efla þau og styrkja við að feta sig áfram í námi og í kjölfarið finna fyrir aukinni starfsánægju. Þrír starfsmenn voru í námi leikskólaliða, einn í leikskólakennarafræðum og þrír í uppeldis- og menntunarfræðum og þá eru tveir sem útskrifast nú í júní með B.A. próf í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Það sem styrkir starfsmannahópin enn frekar er að starfsfólk hittist utan vinnu og mætir saman í ræktina, fer í styttri göngur, skemmtir sér og fl. Það hópefli setur svip á menningu skólans og styrkir okkur. Starfsmannahópurinn fór í árshátíðarferð til Hollands þar sem m.a. hver og einn fékk tíma og rými til að njóta á eigin forsendum. Það var gaman að sjá hversu margir nýttu tækifærið, mæltu sér mót og hittu vini og fjölskyldu sem búa á nálægum stöðum.

Samfélagið sem við höfum skapað hér er gott og einkennist af samheldni og gagnkvæmri virðingu og mikilvægt er að vera vakandi yfir því að halda í þá menningu. Við leggjum ávallt metnað okkar og vinnu í að halda áfram með markvissum hætti í átt að stöðugri þróun leikskólastarfsins. Með tilhlökkun og metnaði tókum við saman á móti nýju skólaári.



1.1 Áherslur í starfi leikskólans

1.1.1 Lífsgildin

Rauði þráðurinn í starfi leikskólans er Lífsgildablómið í Korpukoti og Lífsgildatréð í Fossakoti. Útfærslan í Korpukoti er blóm með fimm krónublöðum og hefur hvert krónublað að geyma eitt lífsgildi. Í Fossakoti er útfærslan Lífsgildatré, þar sem lauf þess geyma lífsgildin. Þetta eru *vinátta*, *virðing*, *hjálpsemi*, *kurteisi* og *samkennd*. Hvert lífsgildi ræktum við með okkur tvo mánuði í senn. Á því tímabili sem hvert lífsgildi er tekið fyrir er krónublaði/laufi snúið við og í ljós kemur hvaða lífsgildi verður lögð höfuðáhersla á, á því tímabili. Laufblað við hlið blómsins/trésins vísar á það lífsgildi sem við æfum okkur í hverju sinni. Í lok skólaárs eru öll krónublöðin/laufin þakin lífsgildum sem hlúa þarf vel að til að blómið vaxi og dafni eins og við viljum að nemendur geri. Nýtt lífsgildi er afhjúpað í sameiginlegri söngstund og innleidd eru lög í nemendahópinn sem innihalda þau hugtök sem við vinnum með hverju sinni. Hugmyndin er að á nýju skólaári muni Blær opna nýtt lífsgildi með nemendum hverju sinni þar sem lífsgildin eiga margt sameiginlegt með Vináttuverkefninu.

Við leggjum áherslu á lífsgildin markvisst með nemendum leikskólans í samverustundum þar sem þeir geta tjáð sig og sínar skoðanir um hvað hvert lífsgildi felur í sér. Einnig rúmast lífsgildin innan allra námssviða, tækifærin eru allstaðar. Á ungbarnadeildum eru lífsgildin lögð inn í daglegum samskiptum eins og aldurssvarandi þroski og geta leyfir. Eftir því sem nemendur þroskast yfirfæra þeir þekkingu sína og hugtakaskilning lífsgildablómsins/lífsgildatrésins í félagsleg samskipti sín á milli og almennt.

1.1.2 Skilvirkir málstarf

Rík áhersla er lögð á málstarf á öllum deildum leikskólans og er unnið að því að dýpka orðaforða og skilning barnanna í daglegu starfi með markvissum leiðum málörvunar, bókalestri, vísu, þulum, söng og leik.

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína er unnið með kennsluefnið *Lubbi finnur málbein* í skipulögðum Lubbastundum sem fara fram einu sinni í viku. Í þeim syngja nemendur um máhljóðin með Lubba, en hver deild hefur til umráða sinn eigin Lubba-bangsa sem nýttur er í þessum stundum. Í bókinni um Lubba er hvert hljóð táknað með litlum og stórum bókstaf. Unnið er með hljóðin í privídd þ.e. sjónskyn, heyrnaskyn og hreyfi- og snertiskyn. Með því er verið að æfa nemendur í að tileinka sér íslensku máhljóðin og brúa bilið milli stafs og hljóðs sem að lokum kemur nemendum á sporið í lestri og ritun. Lubbaefnið gefur færi á ótal skemmtilegum og fjölbreyttum leikjum sem ýta undir hljóðánám, stafa-hljóðaþekkingu, hljóðavitund og fleiri undirstöðupætti fyrir lestrarnám.

Á eldri deildum leikskólans er unnið með málþroskann í víðari skilningi og er þá félagsþroskinn eflur um leið. Leikskólinn vinnur með skráningarlistann *TRAS* og út frá honum hefur verið skipulagt málstarf þar sem unnið er með framburð, orðaforða, setningamyndun, athygli, einbeitingu, samleik,



félagsfærni, málskilning og málvitund. Allir nemendur fara í svokallaðar TRAS – vinnustundir einu sinni í viku þar sem þeir fá þjálfun í þessum þáttum í gegnum leik og spil. Eftir að henni lýkur skráir starfsmaður þroskaframfarir allra nemenda í sínum hóp. Þannig eru gerða skráningar á öllum nemendum einu sinni í viku. Í daglegu starfi leikskólans er einnig mikil áhersla lögð á málörvun í söng- og samverustundum, með bókalestri og samtölum. Orð eru settar á allar athafnir og eiga starfsmenn samtöl við nemendur allan daginn þar sem þeir eru hvattir til að nota orð í stað bendinga. Að auki hefur leikskólinn reynt að gera ritmálið sýnilegt.

Síðasta árið á þessu fyrsta skólastigi er *HLJÓM-2* lagt fyrir nemendur. Skimunin er í leikjaformi orða og hljóða og byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árganginn í leikskólanum í byrjum hauststarfs. Leikirnir sem lagðir eru fyrir tengjast rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

Með því að hlúa að og vinna vel að því að örva og efla málþroska nemendanna og fylgjast markvisst með framvindu hans er hægt að beita snemmtækri íhlutun til að bregðast við og /eða fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi.

1.1.3 Vináttuverkefnið Blær

Fossakot og Korpukot tóku inn í starfið sitt Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ haustið 2020. Flestir starfsmenn upplifa almenna ánægju meðal nemenda og foreldra með verkefnið og telja það hentugt til að rækta með nemendum heilbrigð samskipti, virðingu og góða vináttu. Starfsmenn hafa orð á því að verkefnið nýtist við vinnu á lífgildunum, Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og félagsfærni almennt. Leikskólinn reiknar með að foreldrafélögin haldi áfram að styrkja verkefnið með kaupum á litlum Blæ-bangsa fyrir hvert og eitt barn. Blær fagnar afmælisdegi sínum í Korpukoti og Fossakoti þann 8. nóvember sem er baráttudagur gegn einelti.

1.1.4 Lýðræði

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið að því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi og því er mikilvægt að börn læri um þess háttar samfélög. Í öðru lagi þurfa skólar að taka mið af því, að í öllum starfsháttum að borin sé viriðing fyrir manngildi hvers og eins. Gert er ráð fyrir því að börn og ungmenni læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. (Stjórnarráðið)

Við leggjum áherslu á lýðræði í leikskólanum. Börn eiga skilið virðingu og það er mikilvægt að rödd þeirra fái að heyrast og skoðanir þeirra skiptir máli. Lýðræðisstundir eru í leikskólanum og með þeim erum við m.a. að koma á mótis við skoðanir barnanna og gefa þeim frelsi í vali á efnivið. Við höfum eins lítil afskipti af leiknum í lýðræðisstundum og leitumst við að börnin leysi ágreining á eigin spýtur. Þessar lýðræðisstundir eru nú búnar að festa sig í sessi í starfi eldri deilda í leikskólanum. Á



ungbarnadeildum leikskólans er stöðvavinna notuð til að koma til móts við lýðræðismentun yngstu barnanna. Hún fer fram með þeim hætti að nokkrar leikstöðvar eru settar upp á deildinni og börnin fá að prófa sig áfram með bæði efnivið og félagsskap. Hvert barn fær þá að dvelja á þeirri leikstöð sem það velur sér sjálft í þann tíma sem það velur sjálft. Börnin hafa þannig fullt frelsi til að velja sér efnivið og félagsskap og úthaldi hvers og eins er mætt.

Í nokkur ár hafa lýðræðislegar kosningar verið reglulegar á eldri deildum leikskólans og við höldum áfram að leggja ríka áherslu á að kynna fyrir börnunum mikilvægi kosninga, framkvæmd þeirra og óumdeilda nauðsyn lýðræðis. Kosningar fara þannig fram á leynilegan hátt þar sem lögð er áhersla á verðmæti hvers atkvæðis og hversu mikilvægt það er að fylgja eigin sannfæringu og láta þrýsting frá öðrum ekki hafa áhrif á eigin skoðanir. Börnin fá að koma með hugmyndir um hvað eigi að kjósa og hvernig skuli framkvæma það þema sem hlýtur flest atkvæði. Við finnum fyrir því að því meira sem börnin taka þátt í ferlinu því meiri er eftirvæntingin fyrir þemadögum. Við finnum að kosningar og menntun til lýðræðis eykur áhuga barnanna á ákvörðunartöku í starfi leikskólans. Á þessu skólaári jukum við enn frekar við kosningarmátt barnanna með því að hafa kosningar um litadaga annan hvern mánuð á móti kosningu um þemadaga. Í kosningu á litadögum fá öll börn að taka þátt þar með talin ungbörn á aldrinum 12-18 mánaða. Í sameiningu var sú lausn nýtt að setja nokkra liti af kubbum í glæran kassa og leyfa börnunum að velja sér einn kubb. Liturinn á kubbnum er skráður og atkvæði þá þannig tekið gilt. Þetta er auðvitað ekki leynileg kosning eins og gert er í þemakosningu en góð lausn til að mæta þroska yngstu barnanna.

1.2 Megináherlsur LFA í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar.

1.2.1 Félagsfærni

Í menntastefnu Reykjavíkurborgar kemur fram að efla eigi félagsfærni í leikskólum og að með henni sé átt við að rækta eigi meðal nemenda hæfni til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð á áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Áherslu ætti að leggja á að nemendur læri að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagfærni á að rækta í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem nemendur fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri og vera virkir þátttakendur í mótun þess samfélags sem þeir búa í.

Korpukot og Fossakot nýta mörg verkfæri til að efla félagsþroska nemenda sinna. Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsinn Blæ er stór hluti af starfinu á öllum deildum en með því starfi læra nemendur að setja sig í spor annarra, ræða eigin tilfinningar og annarra og gæta að vináttu. Þá koma lífsgildin sem leikskólinn hefur sett upp og fléttast inn í allt skólastarfið inn á vináttu, virðingu, samkennd, kurteisi og hjálpssemi sem allt er til þess fallið að ræða um, upplifa og kenna mikilvæga þætti



í félagsfærni. Markmið lífsgildanna er að koma ákveðnum gildum inn í líf og hugsanir nemendanna þannig að þeir rækti þau ómeðvitað út ævina.

Alla daga eru nemendur hvattir til að segja skoðanir sínar og leggja starfsmenn sig fram við að hlusta á og bregðast við þörfum þeirra og óskum. Þeir eru hvattir til þess að sýna umburðarlyndi og virðingu í garð annarra, eins til lausnaleita í ágreiningasmálum sín á milli.

Einu sinni í mánuði eru þemadagar. Annan hvern mánuð eru þemu sem nemendur hafa valið áður og hafa reynst vinsæl og skemmtileg en annan hvern mánuð halda þeir lýðræðislega kosningu um hvaða þema skuli vera. Að auki er unnið með þemað *samskipti og vinátta* í hópstarfi í upphafi skólaárs þar sem allir fá að kynna hinum ýmsu hugtökum og læra um samskiptafærni á gagnvirkan hátt.

1.2.2 Sjálfsefning

Samkvæmt menntastefnu Reykjavíkuborgar skiptir máli að efla sjálfstraust nemenda í leikskólum til að þeir öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og rækta þá og að þeir læri að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Þar kemur fram að sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju og að skýr og sterk sjálfsmynd hjálpi nemendum að taka sjálfstæðar og ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt og samlyndi við aðra. Einnig skal hafa í huga að sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust þeirra, líðan, námsárangur og gengi í lífinu.

Fossakot og Korpukot vinna með sjálfsefningu nemenda alla daga. Þeir eru hvattir til þess að reyna að leysa verkefni sín af hendi og eru starfsmenn alltaf til staðar til leiðsagnar, hvatningar og aðstoðar. Leikskólinn vinnur eftir kenningum John Dewey um nám í verki og miðast allt starf við að læra af reynslunni. Markvisst er unnið með lýsandi hrós til nemenda með það að leiðarljósi að þeir upplifi aukið sjálfstraust og trú á eigin getu. Reynt er að skapa andrúmsloft sem hvetur til frumkvæðis þar sem nemendur geta sagt sínar skoðanir og tekist á við tilfinningar sínar, auk þess sem mikið er rætt um tilfinningar, ástæður þeirra og hvernig sé best að vinna úr þeim. Í hópstarfi er unnið með þemað *tilfinningar* þar sem nemendur kafa djúpt í tilfinningalíf sitt og annarra og velta fyrir sér hvernig þeir vilja að aðrir bregðist við eigin líðan og hvernig þeir geta brugðist við líðan annarra.

1.2.3 Læsi

Þegar talað er um læsi í menntastefnu Reykjavíkuborgar er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og tákni. Hugtakið vísar þó einnig til læsis á ólíkum miðlum, umhverfi, hegðun og aðstæðum. Góð læsifærni á íslensku er mikilvæg vegna þess að hún er lykilinn að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélag.

Í Fossakoti og Korpukoti er mikil áhersla lögð á lestur, söng og þulur. Nemendur kynna nýrri þulu í hverjum mánuði þar sem farið er yfir orðaforða hennar og farið með hana reglulega þannig bæta nemendur við orðaforða sinn og læra um menningararf okkar. Á veggjum allra deilda er ritmálið og tölustafir sýnilegt í augnhæð barnanna auk þess eru aldursvarandi bækur aðgengilegar í leskrókum þar



sem lagt er upp með að skapa afslappað og notarlegt andrúmsloft. Reglulega er lesið fyrir nemendur í samverustundum eða við önnur tækifæri og á ýmsan hátt, með hljóðbókum, loðtöflusögum, leiklestri og beinum lestri. Þá eru foreldrar reglulega minntir á mikilvægi lesturs á öllum foreldrafundum og reynir leikskólinn að byggja foreldrum og nemendum hvetjandi lestrarumhverfi.

Leikskólinn styðst einnig við myndrænt dagskipulag á öllum deildum og myndrænar merkingar Starfsmenn er meðvitaðir um að þeir eru mikilvægar málfyrirmyndir og eru reglulega minntir á það auk þess sem þeir setja orð á allar athafnir daglegs líf.

Leikskólinn vinnur markvisst með *Lubbi finnur málbein* á öllum deildum auk þess sem allir nemendur á eldri deildum leikskólans fara í skipulagða málörvun einu sinni í viku þar sem markvisst er unnið með orðaforða, setningarmyndun, málvitun og málnotkun. Á þessum stundum eru gerðar skráningar á þroskaframvindu barnanna. Árlega erum við með lestrarátak sem við köllum Lestrarsprett Lubba þar sem börnin kepptast við að koma með bein fyrir Lubba þar sem merktar eru bækur sem lesnar eru heima og eignast svo Lubbi myndalegt beinasafn. Lestrarsprettur Lubba er alltaf í sömu viku og dagur íslenskrar tungu.

1.2.4 Sköpun

Í menntastefnu Reykjavíkur er sköpun skilgreind sem margslungið ferli sem byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en þess utan á þekkingu, frumkvæði og leikni. Þar er bent á að sköpun kemst á flug þar sem áskoranir eru fjölbreyttar, spurningar opnar, lausnir margar og ferlið skiptir máli. Í sköpun verður eitthvað til, hlutlægt eða ekki, sem hefur gildi fyrir barnið, umhverfi þess eða samfélagið.

Korpukot og Fossakot hafa þann háttinn á að sköpun er efld með nemendum með því að rækta og þroska lausnamiðaða hugsun, þannig eru þeir látnir standa frammi fyrir og leysa aldurs- og þroskasvarandi áskoranir. Í öllum umræðum með nemendum eru þeir spurðir opinna spurninga og þeir hvattir til að segja frá hugsunum sínum og greiða úr þeim. Efniviður til skapandi leiks er til staðar, svo sem hljóðfæri, búningar, leikmunir og tónlist.

Listsköpun er þá einnig í starfinu og fást nemendur við ýmis verkefni og föndur tengdu hópastarfi og þemum. Þar vinna þeir með fjölbreyttan efnivið ýmist aðkeyptað, fenginn úr náttúrunni og nærumhverfi eða sem þeir hafa komið með að heiman. Unnið er með endurvinnslu og gömlum hlutum gefið nýtt líf á margskonar hátt. Öll listaverk nemendanna eru hengd upp á deildum eða á gangi leikskólans með það fyrir augum að þeir upplifi að verk þeirra og framlag til samfélagsins sé mikilvægt. Í gegnum alla listsköpun eru starfsmenn minntir á að ferlið sjálft er ekki síður mikilvægt en afurðin og að í ferlinu felist lærdómurinn og sköpunin.

Tvisvar á ári fá nemendur til sín leikskýningar, um jól og að vori en þær kaupir foreldrafélagið eftir tillögum leikskólans. Á hverju ári fer elsti árgangur skólans í ýmsar ferðir til dæmis á Þjóðminjasafnið, Árbæjarsafnið og bókasafnið svo sitthvað sé nefnt.



1.2.5 Heilbrigði

Í menntastefnu Reykjavíkur fellur ýmislegt undir heilbrigði, svosem neysluvenjur, líkamleg færni, kynheilbrigði og andleg og félagsleg vellíðan. Heilbrigði felst í samspili hugar og líkama, náttúrulegu og félagslegu umhverfi og áhrifum efna og fæðu. Þar segir jafnframt að einstaklingur sé heilbrigður hafi hann tileinkað sér hæfni til að standa vörð um eigið heilbrigði. Vellíðan nemanda í daglegu starfi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi.

Með því tala við nemendur skólans um þeirra heilbrigði reynir leikskólinn að kenna nemendum að temja sér heilbrigða lífnaðarhætti, að virða mörk og fylgja fyrirmælum. Mikið er talað um mikilvægi hvíldar og hollrar næringar. Börnin læra um mannlíkamann, tannheilbrigði og mikilvægi hreyfingar og hreystis í hópastarfi skólans með gagnvirkum verkefnum bæði innan skólans og utan hans. Nemendur fá mörg tækifæri til útiveru og eru lóðir beggja húsa þannig að þær bjóða vel upp á fjálsan leik og góða tengingu við nátturuna. Í lífsgildum leikskólans sem ræktuð eru allt skólaárið er áhersla lögð á vináttu og virðingu í garða annarra og fyrir fjölbreytileika samfélagsins.

Áhersla er lögð á að skapa gott andrúmsloft inni með góðri hljóðvist, nemendum er skipt upp í litla hópa og mörg rými notuð til þess. Hvíldarstundir eru notarlegar og virðing borin fyrir þeim og nauðsynlegri þörf nemendanna til að hvílast og ná andlegri og líkamlegri ró. Þeir nemendur sem ekki þurfa á svefni að halda á daginn fá í staðinn slökunarstund þar sem hlustað er á sögu eða rólega tónlist í myrku herbergi með dýnum og púðum. Með þessu er markmiðið að allir nemendur fái tækifæri til að taka sér hlé frá áreiti leikskólalífsins.

Almennar hreinlætisvenjur eru í hávegum hafðar og hendur þvegnar eftir salernisferðir sem og fyrir matmálstíma og andlit þrífín eftir hann. Að auki hafa nemendur alltaf frjálst aðgengi að vatni finni þeir fyrir þorsta. Leikskólinn leggur sig fram við bjóða upp á fjölbreyttan og hollan mat fyrir nemendur sína sem í flestum tilfellum er eldaður frá grunni.

1.2.6 Að lokum

Menntastefna Reykjavíkur setur fram fjölbreytt og gild markmið fyrir leikskólastarf til ársins 2030 með hliðsjón af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Fossakot og Korpukot vinna eftir. Markmiðin og viðmiðin eru mikilvæg og metnaðarfull og þó að stjórnendur skólanna séu meðvitaðir um að markmiðum menntastefnunnar hafi ekki verið náð að fullu eru leikskólarnir á þeirri vegferð að ná þeim með símenntun, skólaþróun og opinni umræðu um fagið. Stjórnendur eru þess fullvissir að markmiðum menntastefnunnar verði náð í náinni framtíð með markmiðasetningu, umbótaáætlunum og metnaði. Leikskólinn vinnur nú að því að setja saman menntastefnuteymi. Þessu teymi að ætlað að setja saman áætlun um umbætur á þeim þáttum sem leikskólinn fullnægir ekki. Gert er ráð fyrir að teymið sé samansett fjölbreyttu og metnaðarfullu fólki sem nýtur stuðnings stjórnendateymis. Í fylgiskjali 1 má



sjá brot af því hvernig leikskólinn hefur sett sér markmið til að ná sem flestum þáttum menntastefnu Reykjavíkuborgar fyrir árið 2030.

2 Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi leggur faglegan grundvöll að endurbótum og tryggir að réttindi nemenda séu virt. Matið er tvíþætt, annars vegar er um að ræða svokallað „ytra mat“. Það er mat sem framkvæmt er af utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélagi, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra. „Innra mat“ er hins vegar það mat sem skólar framkvæma sjálfir.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram. Í upphafi er ákveðið hvaða þætti skuli meta hverju sinni. Því næst er að safna saman gögnum sem varpa ljósi á þá þætti sem á að meta. Svo fer fram greining á þeim þáttum með tilliti til þeirra viðmiða sem lagt var upp með frá fyrra skólaári. Niðurstöður eru skoðaðar þ.e. hverjir styrkleikarnir eru og tækifæri til umbóta ígrunduð. Þegar niðurstöður liggja fyrir er gerð umbótaáætlun og vinna skipulögð út frá henni.

Símat er í TRAS vinnustundum og hópastarfi. Þá eru fylltur út þar til gerður skimunarlisti og skráningarblöð eftir hverja vinnustund til ígrundunar. Samantekt er svo í lok hverrar annar fyrir sig.

Fastur liður í daglegu starfi er svokallað óformlegt mat. Það fæst með því að hlusta eftir samtölum nemenda á milli sem og að eiga samtöl við starfsmenn, nemendur og foreldra þeirra. Stjórnendateymi hittast einnig daglega til að leggja drög að deginum og þá um leið eru metnir hinir ýmsu þættir starfsins sem umræða er um hverju sinni eins og hvað sé gott og vel gert, hvað mætti betur fara o.þ.h.

Mikilvægur þáttur í innra mati er álit og viðhorf nemendanna sjálfra. Dæmi um leiðir til að fá þá til að meta skólann sinn eru t.d. fundir, samtöl, ljósmyndir og skráning. Orðið hefur mikil vitundavakning meðal allra starfsmanna um mikilvægi mats og skráninga.



2.1 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sendi frá sér rafræna könnun til foreldra á skólaárinu sem er að líða. Við erum spennt að fá niðurstöðurnar sem liggja þó ekki fyrir til að vinna að enn frekari umbótum.

2.2 Matsáætlun/umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

Á síðasta skólaári settu stjórnendur eftirfarandi þætti inn í umbótaáætlun í leikskólastarfinu og niðurstöður eru eftirfarandi.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Valdefling deildastjóra	Komst ekki til frkv. Er enn í vinnslu	Komst ekki til frkv. Er enn í vinnslu	Komst ekki til frkv. Er enn í vinnslu
Aðlögunarferli	Samtöl við deildastjóra og starfsfólk	Stjórnendateymi, deildarstjórar ungbarnadeilda og starfsmenn.	Góð framvinda aðlögunar og nánara samstarf við foreldra.
Lýðræði barna og aukið vægi	Myndræn skráning og samtöl við börnin	Allir starfsmenn og börn	Aukin lýðræðisleg þátttaka barnanna.
Starfsmannahópurinn eftir Covid-19	Með samtölum og þátttöku í viðburðum utan vinnutíma	Stjórnendur	Samheldinn og öflugur starfsmannahópur
Upplýsingaflæði til foreldra	Með spurningalista til deildastjóra og tölvupósti til foreldra. Skólapúlsinn	Foreldra og deildastjórar.	Almenn ánægja deildastjóra og foreldra með fyrirkomulag upplýsingagjafar. Beðið er niðurstaðna Skólapúlsins.

Á næstu blaðsíðu má sjá nánari umfjöllun um mat á umbótaáætlun síðasta skólaárs.



Valdefling deildastjóra – Vinna við að valdefla deildastjóra hófst á síðasta skólaári en stjórnendateymið er sammála um að þessari vinnu sé ekki lokið og mun einbeita sér að því að valdefla deildastjóra áfram.

Aðlögunarferli – Á síðasta skólaári var aðlögunarferli í nývistun breytt og þátttaka foreldra aukin. Þannig kynntum við leikskólann, starfsemi hans og starfsmenn betur fyrir foreldrum en árin á undan. Starfsfólk þeirra deilda sem eiga við var sammála um að aðlögun hefði gengið betur með þessu fyrirkomulagi og að börnin hefðu fundið fyrir meiri öryggistilfinningu en þau börn sem áður hafa hafið vistun í Korpukoti og Fossakoti. Við mat á aðlögunarferlinu var tímalínunni lítillega breytt að ósk deildastjóra.

Lýðræði barna og aukid vægi – Þátttaka barnanna í ákvörðunum er varða leikskólastarfið jókst á síðasta skólaári sem og matsumræður með barnahópnum. Skráningar má vissulega bæta og stefnum við á að gera það.

Starfsmannahópurinn eftir Covid-19 – Starfsmannahópurinn hefur haldist sá sami að mestu leyti síðan Covid-19 skall á. Á þessu skólaári fóru flestir í skipulagða árshátíðarferð til Hollands. Fjáröflunin gekk vel og jók samvinnu starfsmanna. Í Covid-19 lögðu stjórnendur sig fram við að þetta starfsmannahópurinn og var starfsfólk hvatt til hreyfingar og útiveru með lýðheilsukeppni sem hefur síðan fest sig í sessi og verður haldin í þriðja sinn nú árið 2023.

Upplýsingaflæði til foreldra – Deildastjórar byrjuðu að nýta sé forrit frá Microsoft sem kallast Sway og sendu þeir foreldrum reglulega fréttabréf um starfið á deildinni og komandi viðburði. Þannig voru foreldrar upplýstir um hvað börnin voru að fást við í leikskólanum og hvaða viðburðir væru framundan. Þetta var hluti að því að auka upplýsingaflæði til foreldra en það hefur alltaf verið sá þáttur sem er slakastur í Skólapúlsinum í Korpukoti og Fossakoti.

Rýni og vinna að umbótum fer fram allt skólaárið, við teljum mikilvægt að horfa gagnrýnum augum á þá vinnu sem á sér stað og vera stöðugt að meta og rýna í starf okkar.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Valdefling deildarstjóra	Gera deildarstjóra ábyrgari fyrir sinni deild og starfinu þar. Búa öllum hvetjandi umhverfi til endur- menntunar	Mánaðarlegir fundir um valdeflingu og aukin ígrundun á starfinu	Stjórnenda- teymi	Okt	Mái	Matsblað – spurningar í upphafi og lok skólaárs	Samanburður á matblaði í upphafi skólaárs og lok þess.
Uppeldis- og menntastarf							
Menntastefnu- teymi	Koma á fót teymi til að setja saman áætlun til að mæta Menntustefnu RVK.	Fundir menntastefnu- teymis og stjórnendateymis miða að því að setja saman áætlun og skýrslu um hvernig skuli ná markmiðum menntastefnu RVK.	Stjórnenda- teymi og menntastefnu -teymi	Sept	Nóv	Skýrsla	Skýrslu og áætlun fylgt eftir.
Mannauður/leikskólabragur							
Aukið samstarf starfsstöðva	Auka má samvinnu og samskipti starfsmanna á milli starfs- stöðva.	Fyrirlestur sameiginlegum starfsdegi (Jákvæð sálfr.) Heimsóknir milli starfsstöðva.	Stjórnenda- teymi	Sept	Júlí	Samtöl við stm.	Að stm. vinni saman þvert á starfsstöðvar og að teymi styrkist.
Endurmenntun	Aukin hvatning til endur- menntunar	Auglýsa námskeið betur, aðstoða stm. við að skrá sig og sækja styrki	Stjórnenda- teymi	Sept	Mái	Skráning á námskeiðum sem stm. sitja og samtöl við stm. um aukið sjálfstraust í vinnu	Aukið sjálfstraust og sjálfsöryggi. Aukin fagleg umræða.
Innra mat							
Stuðningur f. deildastjóra	Fagleg leiðsögn í áætlanagerð	Styðja og leiðbeina deildastjórum í áætlanagerð og mati	Stjórnenda- teymi	jan	jún	Samtöl við deildastjóra	Aukin þekking á áætlanagerð, mati og mikilvægi þess.



3 Innra mat deilda leikskólans

3.1 Innra mat og umbótaáætlun Sælukots

Leikskólastarfið á Sælukoti gekk vel á árinu. Eins og venjulega hófst skólaárið á aðlögun og gekk hún mjög vel. Á þessu skólaári dvöldu 19 börn á Sælukoti með fimm starfsmönnum.

Salur leikskólans er vel nýttur í starfi deildarinnar en á hverjum mánudegi er þar hreyfistund og þá fá börnin þjálfun í grófhreyfingum eins og hlaupum, klifri og fl. Börnin höfðu sérstaklega gaman af þessu og var eftirvæntingin alltaf mikil.

Útivera var mikil á þessu skólaári eins og venjulega og var farið út alla daga sem veður leyfði og eru börnin eru alltaf mjög dugleg úti, ganga um og skoða svæðið, fara í sandkassana, renna sér og leika í rólunum.

Á Sælukoti var skipulagt hópastarf. Ýmis verkefni voru unnin tengd árstíðum og starfið gekk vel og höfðu börnin mikinn áhuga á verkefnum og þemunum.

Vikulega var unnið í stöðvavinnu með mismunandi verkefnum sem börnin gátu valið sjálf. Börnin höfðu mjög gaman af því að kíkja á stöðvarnar og mikinn áhuga á því sem var að gerast. Þau lærðu að skiptast á, leika saman og hjálpast að. Þau lærðu þau líka að geyma hlutina á sínum stað, hvað tilheyrði hverjum stað og hvernig hlutirnir voru notaðir.

Í Lubbastundum voru sungin lög og lesnar sögur úr bókinni Lubbi finnur málbein. Þá eru voru einnig nýtt myndaspjöld tengdust hljóði stafanna og hlustuðum við á Lubbalög. Vináttuverkefnið með Blæ gekk vel, börnin sýndu mikinn áhuga og öll voru þau spennt að byrja hverja stund og taka þátt.

Samstarfið við foreldra hefur gengið einstaklega vel og þeir hafa verið mjög virkir í að taka þátt og vinna með okkur. Það sést á ánægðum börnum og góðum anda í skólanum.



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Lubbi og Blær	Gekk vel. Áhugi barnanna jókst.	Starfsmenn, börn og foreldrar	<u>Styrkleikar:</u> -Stm. þekkja skyldur sínar -Stm. geta stjórnað aðstæðum og dulegir að skrá -Foreldrar tóku þátt <u>Veikleikar:</u> -Verkefnin reynast yngstu börnunum erfið -Vantar aukin efnivið
Stöðvavinna með ungum börnum	Gekk vel	starfsmenn	<u>Styrkleikar:</u> -Stm. og börn tóku þátt -Aukinn áhugi barnanna. <u>Veikleikar:</u> -Vantar aukinn efnivið

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi og Blær	Fleiri mögu-leika til að læra.	Meira efni og betri undirbúningur til að nota í leik og starfi.	Deildarstjóri, starfsfólk og foreldrar.	Sept	Maí	Skráningarblað og metið á deildarfundi.	Þátttaka og betri samvinna milli yngri og eldri.
Vísur og þulur	Sinna þessum þætti betur.	Byrja á fyrsta degi mánaðar og hafa í samverunni.	Deildarstjóri, starfsfólk og foreldrar.	Sept	Maí	Umræða á deildarfundi. Huglægt mat.	Hvernig börnin þekkja og læra vísurnar og þulurnar.
Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst-Rvk)	Bæta betur málþroska barnanna.	Undirbúa betur fyrir samveru, lesa meira fyrir börnin. Bæta við sögustundum.	Deildarstjóri	Sept	Júní	Skráningarblað og rætt á fundi.	Huglægt mat á málþroska.



3.3 Innra mat og umbótaáætlun Sunnukots

Á Sunnukoti dvelja 20 börn sem öll eru fædd árið 2021. Deildin hefur þrjú herbergi ásamt stórri heimastofu til umráða og nýtist það vel í starfi. Lubbastundir voru einu sinni í viku og vöktu mikla kátínu. Þuluverkefnið var drifið áfram og voru samverustundir nýttar til þess. Þá kom Blær vikulega í heimsókn á deildinni og unnið var með börnin í litlum hópum

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Lubbastundir	Með skráningum á Lubbastundum í litlum barnahópum.	Starfsmenn deildar.	Styrkleikar: Lubbalögin sýna besta árangurinn Veikleikar: Börnin of ung fyrir sögurnar
Vísur og þulur	Nótur deildarstjóra	Starfsmenn	Vísur sem hægt að syngja virðast vekja meiri áhuga og skemmtun.
Blær	Með skráningum í litlum barnahópum	Starfsmenn	Söngur og tónlist virðist skila áhugasömum börnum og myndefnið nýtist vel.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubbi	Lubba-samverur 2 x í vikur.	Skipuleggja sig fram í tímann. Gera fasta tíma á viku fyrir hvern starfsmann.	Deildarstj	Sept 2023	Júní 2023	Á deildarfundum. Skráningum	Fá börn í einu svo allir fá að njóta tímans vel
Hópastarf	Fjölbreytt, vera opin fyrir nýjum hugmyndum.	Undirbúa sig tímanlega. Fá allt starfsfólk til að taka þátt og koma með hugmyndir.	Deildarstj	Sept 2023	Júní 2023	Á deildarfundum. Skrá niður hvað gekk vel og hvað ekki.	Að allir sýni áhuga og komi inn með nýjar hugmyndir.
Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst-Rvk)	Kosningar þar sem börnin taka þátt. Starfsfólk tali saman	Hlusta á börnin og leyfa þeim að hafa áhrif á starfið okkar.	Deildarstj	Sept 2023	Jún 2023	Á deildarfundum. Starfsfólk tali saman og fari yfir.	Börnin eru það ung til að byrja með og tala ekki. Byrja á að fjölga kosningum þar sem þau velja einhverja huti. Auka svo samtali þegar þroskinn.



3.4 Innra mat og umbótaáætlun Bjartakots

Á Bjartakoti dvelja börn á aldrinum 2-3 ára, þetta skólaár hafa börnin verið 20-25 talsins og á deildinni eru 5 heil stöðugildi ásamt tveimur hlutastarfsmönnum. Börnin eru í fjölbreyttum leik, fá þjálfun í félagsfærni og gerðar eru kröfur til þeirra hvað varðar mál og sjálfsbjörg. Hópastarf er tvisvar í viku og hefst það í september og er fram yfir maí. Börnunum er skipt niður í fjóra hópa eftir aldri. Markmið hópastarfs er sköpun og fræðsla og í hverjum mánuði er nýtt þema sem unnið er eftir.

Farið er í TRAS-vinnustundir einu sinni í viku. TRAS er fyrir börn frá 2,3 ára aldri og eru TRAS-vinnustundir málörvunarstundir sem er unnið í hópum eftir aldri. Lubbastundir eru á deildinni í samverustundum og þar er farið yfir máhljóðin á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Farið er í hreyfistund uppi í íþróttasal skólans einu sinni í viku en þar er farið í skipulagða hreyfileiki auk þess sem þar fæst rými fyrir frjálsan leik og ærslaleiki. Vináttuverkefni Barnaheilla er líka nýtt á deildinni en öll börnin eiga sinn Blæ-bangsa. Í samverum og á vináttufundum eru myndir skoðaðar, bækur lesnar, hlustað á tónlist og talað saman um vináttu og hvernig við viljum að það sé komið fram við okkur og hvernig við komum fram við aðra.

Á næstu blaðsíðu má sjá mat og umbótaáætlun fyrir Bjartakot



Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hópastarf	Á deildarfundi.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Veikleikar – erfitt að muna að taka myndir af ípadinn og það gleymist oft á meðan við erum að sinna hópastarfinu. Styrkleikar – gaman að sjá hvað við höfum gert í hópastarfinu.
Blær	Á deildarfundi.	Deildarstjóri og starfsmenn deildar.	Gekk ágætlega fyrri part skólaárs. Vorum ekki nógu duglegar þegar nýju börnin komu. Áttum erfitt með stóra hópa og þau skildu lítið sem við vorum að gera.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hópastarf	Bæta skráningar	Meta verkefni eftir hvern mánuð	Ábyrgð deildarstj. Allir starfsmenn framkvæma	Sept	Maí	Samtal við stm. Fá þeirra skoðanir á deildarfundum	Myndir í ípad
Blær	Efla stm. til þáttöku	Halda okkur vel við efnið	Ábyrgð deildarstj. Allir starfsmenn framkvæma	Sept	Júní	Samtal við stm. Fá þeirra skoðanir á deildarfundum	Viðmið á Blæ-skráninga-blöðum
Vísur og þulur	Passa að allir mánuðir séu teknir jafn mikið fyrir	Byrja alltaf fyrsta dag hvers mánaðar	Ábyrgð deildarstjóra. Allir starfsmenn framkvæma.	Sept	Maí	Samtal við stm. Fá þeirra skoðanir á deildarfundum	Áhugi og þátttaka barna
Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst-Rvk)	Hafa dót í glærum kössum í hæð barnanna.	Leyfa börnunum að velja sér sjálf dót. Útivera og göngurferðir.	Ábyrgð deildarstjóra. Allir starfsmenn framkvæma.	Sept	Maí	Samtal við stm. Fá þeirra skoðanir á deildarfundum	Auka frumkvæði og sjálfstæði barnanna.



3.5 Innra mat og umbótaáætlun Fagrakots

Gert var dagskipulag fyrir samverustundir, bæði fyrir og eftir hádegi. Einnig kom samverukassinn að góðum notum fyrir starfsmenn og það sýndi meira frumkvæði í sínum samverustundum.

Heilt yfir gekk hópastarfið vel, starfsmenn og börn virkir og áhugasamir. Okkur langar til þessa að gefa börnum meira svigrúm fyrir sínum hugmyndum og fara dýpra í hvert viðfangsefni, allt eftir áhuga barnanna.

Skipuleggja þarf lífsgildin betur og fara meira í þau með börnum, skipuleggja þarf lífsgildastundir í samveru til þess að vikja starfsmenn og börn.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hópastarf	Umræðum og áhuga barnanna. (Föndur)	Starfsmenn og börn.	Börnin áhugasöm fyrir hópastarf
Lífsgildi	Samverustundir þar sem lífsgildin voru tekin fyrir.	Starfsmenn og börn.	Þarf að bæta. Börnin áhugasöm en starfsfólk ekki eins.
Blær	Komst ekki til framkvæmdar	Komst ekki til framkvæmdar	Við þurfum að finna Blæ nýtt heimili. Þar sem hver bangsi fær meira rými.
Umsjónarmenn	Umsjónarmenn á hverjum degi, skráningar.	Starfsmenn og börn.	Mikil gleði innan barnahópsins að fá að taka þátt í öllu starfi inn á deildinni.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samverur	Starfsfólk leggi meiri áherslu á að virkja börnin í samveru og tala við þau. Samverustundir séu fjölbreyttari og skemmtilegri bæði fyrir börn og starfsfólk.	Virkja stm. Auka efnivið til samverustunda, t.d. sönghefti til að syngja mismunandi lög, örsögur, og fleira. Gera samverukassann fjölbreyttari og aðgengilegri.	Deildar- stjóri	Ág 2023	Maí 2024	Ræða við starfsfólk reglulega á skólaárinu .Hlusta á skoðanir og hugmyndir stm. og fylgja þeim eftir	Stm. og börnum finnist gaman í samveru. Bættur orðaforði hjá börnunum.
Blær	þarf að virkja enn frekar og auka virðingu gagnvart verkefninu. Festa vináttufundi í samverum á ákv. dögum.	Finna stað fyrir verkfærakistu Blæs, gera hana aðgengilega. Virkja stm. í að vinna með Blæ. Gera honum hærra undir höfði.	Deildar- stjóri	Sept 2023	Júní 2024	Nótur deildarstjóra, skráning stm og virkni barna.	Blær verði meira áberandi í stafi barnanna og bæði stm. og börn virkari í notkun á efniviðnum.
Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst-Rvk)	Lýðræðisleg vinnubrögð stm., efniviður í hæð barnanna. Aukinn sveigjanleiki og rými til að fylgja óskum barnanna.	Samtöl við stm. Virkja stm. í samskiptum við börnin, hvetja börnin til tjáningar.	Deildar- stjóri og stm.	Sept 2023	Maí 2024	Myndræn skráning, samtöl við börn, stm. og foreldra	Aukin virðing stm. fyrir þekkingaleit og skoðunum barna. Fróðleiksfús börn sem eru óhrædd við að tjá óskir sínar.



3.6 Innra mat og umbótaáætlun Skólahóps

Skipulagt starf skólahóps hófst í september og því lauk í maí. Reynt var eftir fresmta megni að fylgja námskrá skólahóps og gekk það vel, þrátt fyrir þetta sérstaka ár.

Í vetur var lögð áhersla á framsögn og samvinnu. Börnin voru þöruð saman tvö og tvö, þau fengu veggspjald frá vináttuverkefni Blæs þar sem þau þurftu að ræða sín á milli hvað væri að gerast á veggspjaldinu. Um leið var tækifærið nýtt til að þjálfra framsögn og einnig taka Vináttufundi. Gott er fyrir komandi skólagöngu að vera búin að æfa sig í að koma fram, treysta á sínar skoðanir ásamt því að hlusta og virða skoðanir annarra.

Vettvangsferðirnar voru þónokkrar og nutu börnin sín einstaklega vel í þeim, skipulögðum ferðum verður haldið inni í skipulagi næsta skólaárs. Ferðir sem farið var í voru t.d. Borgarleikhúsið, Árbæjarsafnið, Þjóðleikhúsið, heimsóknna frá bókaálfnum sem sló heldur betur í geng hjá börnunum og margt fl.

Stafainnlögnin gekk mjög vel sem og tölustafirnir, Barnasáttmálinn fór einnig vel af stað en stundirnar hefðu mátt vera fleiri og betri. Það er t.d. umbótaþáttur sem við ætlum að fara vel í á komandi skólaári.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Vettvangsferðir	Myndræn skráning	Starfsmenn og börn.	Gekk vel, mikil gleði í barnahópnum.
Barnasáttmálinn	Verkefni og umræða.	Starfsmenn og börn.	Hefði mátt fara betur og verður tekið aftur fyrir næsta skólaár.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Barnasáttmálinn	Að börnin hafi áhuga á mannréttindum og skapa samfélagslega ábyrgð.	Nýta efnivið Barnaheilla og hafa samband ivð Barnaheill	KHB	Sept 2023	Júní 2024	Umræður m. börnunum og verkefnavinna	Meðvituð börn um mannréttindi og aukin þekkingu á fjölmenningu og barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.



3.7 Innra mat og umbótaáætlun Litlakots

Sökum þess að deildarstjóri Litlakots fór í fæðingarorlof fyrr en gert var ráð fyrir gafst ekki rými til að meta starf deildarinnar. Nýr deildarstjóri setur fram metnaðarfulla umbótaáætlun fyrir komandi skólaár.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Samvera	Starfsfólk leggi meiri áherslu á að virkja börnin í samveru og tala við þau. Samverustundir séu fjölbreyttari og skemmtilegri bæði fyrir börn og starfsfólk.	Tala við starfsfólk og virkja það. Búa til fleiri myndir af t.d. dýrum eða hlutum til að skoða og skipta þeim reglulega út, t.d. mánaðarlega. Búa til sönghefti til að syngja mismunandi lög. Gera samverukassann fjölbreyttari	Deildarstj. og hópstjórar	Sept 2023	Júní 2024	Ræða við starfsfólk og fá þeirra álit á því hvernig gengur. Fá hugmyndir frá starfsfólki yfir það sem þau myndu vilja gera í samveru.	Starfsfólki finnst gaman í samveru og hafi samverukassann til þess að fá fjölbreyttar hugmyndir um það sem er gert. Bættur orðaforði hjá börnunum vegna söngs og fjölbreyttra mynda.
Útivera	Fara oftar út sama hvernig viðrar. Meira frumkvæði hjá starfsfólki til þess að fara út. Starfsfólk taki virkan þátt í útiveru barna og eru ekki bara að fylgjast með.	Ræða við starfsfólk og virkja það til þess að hafa frumkvæði.	Deildarstj. og hópstjórar	Okt 2023	Júní 2024	Fara yfir einu sinni í viku hvort allir hópar hafi farið út, skrá útiveru niður.	Fjölbreytt og regluleg útivera sem haldið er utan um. Starfsfólk sé virkt og sýni frumkvæði til að fara út með sinn hóp. Fækkun kvartana v/ lítillar útiveru frá foreldrum
Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst-Rvk)	Þjóða börnum upp á valmöguleika í leik og starfi, með tilliti til aldurs og þroska. Virkja börnin til ákvarðanatöku og efla þannig þeirra sjálfstraust.	Leyfa þeim að velja t.d. hvort þau vilji leika með kubba eða bíla eða hvaða húfu þau vilji klæðast. Veita þeim aðgang að fjölbreyttum efnivið í leik til þess að efla þekkingarleit.	Deildarstj. og hópstjórar.	Jan 2024	Júní 2024	Myndræn skráning, ræða við starfsfólk um þennan þátt og hvetja það til þess að virkja börnin.	Börnin eru virkari og hafa sínar eigin skoðanir sem þau standa með. Börnin hafa meira sjálfstraust og starfsfólkið gefur sér tíma í að hlusta á þau.



3.8 Innra mat og umbótaáætlun Kríflakots

Margir þættir voru settir fram í síðustu umbótaáætlun og tókst þokklaega til við að gera úrbætur á þeim. Stöðvavinna varð markvissari og var mikilvægi hennar útskýrt fyrir starfsmönnum sem fóru þá að vanda sig enn frekar þó enn þurfi að fínappa vinnubrögð. Skráningar almennt ganga betur og hafa skráningar verið gerðar aðgengilegri. Þjálfun í fínreyfingum fer nú fram á markvissan hátt og gerðar eru myndrænar skráningar á því hjá öllum börnum. Útiveran jókst eins og gerðar voru áætlanir um en enn má bæta og verður unnið að því á komandi skólaári. Þá er óhætt að segja að samverur séu nú fjölbreyttari og starfsmenn öruggari í vinnu sinni í þeim. Efniviður hefur verið aukinn og átta starfsmenn sig á mikilvægi samverustunda og þeirri menntun sem fer þar fram.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Skráningar	Skoðun á skráningamöppum	Deildarstjóri	Skráningar eru tíðari og nákvæmari
Stöðvavinna	Myndræn skráning og nótur deildarstjóra	Deildarstjóri og stm.	Stöðvavinna var tíðari og virkari en þarf enn að bæta
Fínreyfingar	Myndræn skráning og nótur deildarstjóra	Deildarstjóri og stm.	Fínreyfingar eru nú fastur liður í starfi
Útivera	Myndræn skráning og nótur deildarstjóra	Deildarstjóri og stm.	Útivera jókst en má bæta frekar.
Samverur	Myndræn skráning og nótur deildarstjóra og stm.	Deildarstjóri og stm.	Samverur eru nú fjölbreyttari og börnin eru spennt fyrir samverum.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stöðvavinna	Starfsfólk situr meira á sinni stöð og leikur við börnin og sýnir hvað á að gera.	Tala við starfsfólk og virkja það.	Deildarstj. og hópstjórar	Sept 2023	Júní 2024	Myndræn skráning Hvaða upplýsingar nota ég til að vita hvernig gekk í lok árs	Starfsfólk situr meira með börnin og passar sína stöð. Svo börnin eru ekki mikið á flakki með dót út um allt,
Útivera	Fara oftar í útiveru, nýta pallinn meira. Virkja starfsfólk í leik með börnum í útiveru.	Tala við starfsfólkið mitt, hafa viðtöl um hvernig þeim finnst útiveran ganga.	Deildarstj. og hópstjórar	Okt 2023	Júní 2024	Myndræn skráning Fara yfir á fimmtudögum hver á eftir að fara út af hópnum. Upplýsingar úr foreldra- viðtölum Samtöl við starfsm	Fjölbreytta og reglulega útiveru, sem haldið er utan um og starfsfólk sé virkt og sýnir frumkvæði á að fara út með sinn hóp. Fækkun kvartana v/ lítillar útiveru frá foreldrum
Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst-Rvk)	Þjóða þeim allskonar möguleika og leyfa þeim að velja, valmöguleikar að velja dót til að leika með.	Leitast eftir að virkja börnin til ákvarðanatöku.	Deildarstj. og hópstjórar.	Jan 2024	Júní 2024	Myndræn skráning.	Börnin séu orðin virkari í að tjá sig hvað þau vilja og standa með sínnum skoðunum.



3.9 Innra mat og umbótaáætlun Krakkakots

Umbætur á þessu skólaári gengu þokkalega. Myndræn skráning á hópastarfi hefur gengið betur og er starfsfólk duglegt að skrá. Skráningar eiga þó að fara í lpad sem fylgir deild en hann er stundum óaðgengilegur sökum þess að verið er að nota hann í aðra vinnu eða verkefni. Það þarf að skoða hvernig hægt sé að gera myndræna skráningu aðgengilegri. Þegar kom að að stöðvavinnu kom í ljós að starfsfólk upplifði aukna vellíðan í starfi þegar fleiri stöðvar voru opnar heldur en færri, þannig var unnið með börnin í smáum hópum sem gefur starfsfólki góða yfirsýn. Sett var markmið að auka fönður og skapandi vinnu sem tókst vel til og má jafnvel ætla að uppskeruhátíð barnanna (listasýning í lok annar) hafi skipt þar máli í því samhengi að starfsfólk var meðvitað um að listasýning yrði í lok annar sem jók mikilvægi þess að afurð væri til staðar.

Til stóð að auka útiveru og bjóða upp á fjölbreyttari útiveru, t.d. með gönguferðum og heimsóknum á rólóvelli. Útivera jókst til muna en fjölbreytnin jókst því miður ekki. Útiveran verður því áfram inni í umbótaáætlun næsta skólaárs. Að lokum tókst ekki nægilega vel að auka við skráningar á Vináttufundum og voru þeir einnig alltof fáir yfir skólaárið. Blær verður því enn í umbótaáætlun næsta skólaárs og mikilvægi hans gert hærra undir höfði.

Skólaárið gekk vel og umbætur voru gerðar þó ekki hafi verið staðið við allar þá umbótaþætti sem settir voru fram.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hópastarf	Deildastj. fylgdist með myndatöku og fór yfir í lok hvers þema	Deildarstjóri & starfsmenn	Oftast teknar myndir í hverju þema en ekki á lpad þar sem það virtist ekki lengur vera krafa. Starfsmenn tóku myndir og fóru þær oftast í sway pósta til foreldra.
Stöðvavinna	Samtal við starfsmenn um það hvernig þeim leið og hvað þeim fannst í kjölfar þess að hafa fleiri stöðvar opnar hverju sinni	Deildarstjóri & starfsmenn	Starfsfólki líður almennt betur þegar fleiri stöðvar eru opnar & börnin eru yfir höfuð rólegri.
Blær	Skráningar skoðaðar í lok hvers mánaðar	Deildarstjóri & starfsmenn	Komst ekki til framkvæmdar
Skapandi starf	Fylgst var með hversu oft við fönndruðum og hversu mikið við höfðum til sýnis til dæmis á uppskeruhátíðinni okkar.	Deildarstjóri & starfsmenn	Vorum mun duglegri að fönndra heldur en við höfum verið og börnin eiga mjög mikla sjáanlega afurð sem þau fá að taka með sér heim til foreldra.
Útivera	Skoðaðar myndir frá útiveru og metið hversu fjölbreytt hún var	Deildarstjóri & starfsmenn	Bættum útiveru helling inn í starfið okkar en alls ekki nógu fjölbreytt.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Blær	Skráning	Minna á skráningar	Deilda- stjóri og starfs- menn	Sept 2023	Jún 2024	Skráningarblað yfirfarið ásamt samtali milli starfsmanna á deildarfundum	Virk þátttaka barna á vináttufundum. Skráningarblöð.
Útivera	Fjölbreytileiki	Ekki bara fara út í garð, til dæmis fara í göngutúra eða gera e-h með Stórakoti.	Deilda- stjóri og starfs- menn	Sept 2023	Júl 2024	Hversu oft er farið út fyrir garðinn. Taka myndir	Myndir skoðaðar og samræður við krakkana.
Stöðvavinna	Hafa frekar fleiri stöðvar heldur en ekki.	Meta barnafjölda. VirkJa alla starfsmenn í að opna stöðvar, hafa frekar fleiri og fámennari stöðvar.	Deilda- stjóri og starfs- menn	Sept 2023	Jún 2024	Samtal við starfsmenn, fá þeirra skoðanir fram á deildarfundum	Virgni barnanna
Starfsfólk hlustar eftir hugmyndum barna og styður þau í þekkingarleit sinni (Mst- Rvk)	Bjóða börnum upp á valmöguleika í leik og starfi, með tilliti til aldurs og þroska. VirkJa börnin til ákvarðanatöku og efla þannig þeirra sjálfstraust.	Leyfa þeim að velja t.d. hvort þau vilji leika með kubba eða bíla eða hvaða húfu þau vilja klæðast. Auka lýðræði Veita þeim aðgang að fjölbreyttum efnivið í leik til þess að efla þekkingarleit.	Deilda- stjóri og starfs- menn	Sept 2023	Jún 2024	Myndræn skráning, ræða við starfsfólk um þennan þátt og hvetja það til þess að virkJa börnin	Börnin eru virkari og hafa sínar eigin skoðanir sem þau standa með. Börnin hafa meira sjálfstraust og starfsfólkið gefur sér tíma í að hlusta á þau.



3.10 Innra mat og umbótaáætlun Stórakots

Heilt yfir gekk hópastarfið vel, starfsmenn og börn virkir og áhugasamir. Myndrænni skráningu í Ipad var ekki sinnt og má bæta. Blæ-stundir fóru fram í samverum og gengu mjög vel. Nemendur tóku virkan þátt í umræðum um vináttu og sýndu mikinn áhuga. Skráningu var ekki sinnt, líklega því það hefur ekki verið venjan og erfitt að koma því í vana. Það mætti því bæta skráningar á Blæ-stundum.

Markmiðið var að auka skapandi starf og föndur. Það gekk vel, það var meira um föndur almennt og krakkarnir fengu meira sjálfstæði í að vera skapandi í sínu föndri og gera það að sínu. Deildarstjóri og starfsfólk pössuðu að deildin væri ávallt skreytt með föndri frá krökkunum sem tengdist t.d. þema þess mánaðar. Krakkarnir voru einnig sendir heim reglulega með ýmislegt föndur.

Útiveran fyrir utan garðinn jókst en hefði getað aukist meira. Það var oftari farið í göngutúr, t.d. yfir í Korpukot annaðhvort í salinn eða að leika í garðinum þar. Það hefði þó getað verið gert oftari en þetta var skref í rétta átt að koma því í vana að leita út fyrir garðinn.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Hópastarf	Myndir teknar	Deildarstjóri og starfsfólk	Myndir fóru í sway pósta en ekki skráðar í ipad.
Blær	Þátttaka nemenda, skráningarblöð	Deildarstjóri og starfsfólk	Nemendur sýndu áhuga og tóku virkan þátt í Blæ-stundum. Skráningu var hins vegar ekki sinnt.
Skapandi starf, föndur	Sjáanleg afurð	Deildastjóri og starfsfólk	Deildin var ávallt skreytt með föndri frá krökkunum og þau reglulega send heim með föndur
Útivera	Myndir teknar	Deildarstjóri og starfsfólk	Útivera fyrir utan garðinn jókst og myndir teknar af því.



Innra mat og umbótaáætlun sérkennslu

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Gagnabanki	Samtal og nótur.	Sérkennslustjóri, fag- og verkefnastjóri og deildastjórar	Með áskrift á 123skoli.is hefur gagnabanki skapast sem allir deildastjórar hafa aðgang að. Sameiginlegar reglur eru á deildum sem og myndrænt dagsskipulag
Snemmtæk íhlutun	Á lokametrinum	Sérkennslustjóri, leikskólastjóri og fag- og verkefnastjóri	Áætlun um snemmtæka íhlutun er á lokametrinum og er gert ráð fyrir að hún verðir tilbúin á þessu ári.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Eftirfylgni m. notkun á gagnabanka	Virkja má starfsfólk enn frekar til notkunar á gagnabanka og myndrænum leiðb. fyrir börnin	Fylgja eftir og leiðbeina stm.	Sérkennslustj. og fag- og verkefnastjóri	Sept 2023	Júní 2024	Samtöl við stm.	Meðvitaðir stm. sem nýta gagnabankann vel. Börn sem skilja reglur og myndræn skilaboð.

Skipulagning sérkennslu 2023-2024 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan var skipulögð með einstaklingsvinnustundum þar sem unnið var frá meðal annars út frá AEPS lista. Einnig er sérkennslu háttað sem handleiðslu inni á deild barnanna. Haft var í huga menntun án aðgreiningar þar sem leitast var við að hver og einn nemenda fái stuðning, viðfangsefni og tækifæri við sitt hæfi.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	Notast er við TRAS, APES, HLJÓM-2, Smábarnalistann Íslenski þroskalistann og orðaskil.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Snemmtæk íhlutun (Verkefnakista hugmynda), Blær, Lubbi, heimatilbúið orðaforðasafn, ýmis umbunarkerfi, sjónrænt dagsskipulag og skýrar reglur og aðgangur að 123skoli.is



4 Innra mat og umbótaáætlun – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Kaup á bókum og spilum til að auka orðaforða. Sérkennslustundir í málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já í samverustundum, með lestri, í TRAS-vinnustundum með orðaforðalyklakippum og Gefðu 10
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Já. Hópastarf, samverustundir. Þuluverkefnið og matmálstímar eru m.a. nýttir til að auka og dýpka orðaforða nemenda.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	TRAS skráning er notuð fyrir alla nemendur. Önnur úrræði eru einstaklingsáætlanir og fl.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, við teljum svo vera. Í leikskólanum er unnið með Blæ, TRAS-vinnustundir, hópastarf og Lubba og teljum við að þetta flétti saman alla þættina.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Að erlendum foreldrum finnst þeir velkomnir í leikskólann	Leikskóla-orðabók	Að útbúa bók með orðaforða leikskólans fyrir foreldra með myndrænum hætti	Stjórnendateymi leikskólans	Sept.	Mai	Í foreldra-samtölum við erlenda foreldra	Afurðin sjálf



5 Starfsmannamál, starfsþróunarsamtöl og fræðsla

5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní 2023

Fossakot

Starfsheiti	Fjöldi	Hlutf. kynja	Samtals starfshlutfall	Menntun
Leiðbeinandi	10	10 kvk	1000%	Stúdentspróf
Leiðbeinandi	3	1 kk/ 2 kvk	268,75%	---
Leikskólakennari	1	1 kvk	50%	M.T menntunarfræði leikskóla
Grunnskólakennari	1	1 kvk	100%	B.Ed.
Þroskaþjálfari	1	1 kvk	100%	B.A.
Matráður	1	1 kvk	100%	---
Leiðbeinandi	2	2 kvk	200%	B.A. próf félagsráðgjöf
Fæðingarorlof	3	3 kvk	300%	Stúdentspróf

Korpukot

Starfsheiti	Fjöldi	Hlutf. kynja	Starfshlutfall	Menntun
Leiðbeinandi	5	1 kk / 7 kvk	480%	Stúdentspróf
Leiðbeinandi	2	1 kvk	150%	Iðnpróf
Leiðbeinandi	1	1 kvk	100%	Eflingarnámskeið
Leiðbeinandi	7	7 kvk	682,5%	---
Leiðbeinandi	1	1 kvk	100%	Nemi í leikskólaliða
Leiðbeinandi	2	2 kvk	150%	Nemi í uppeldis- og menntunarfr. HÍ
Leikskólaliði	3	3 kvk	291%	Leikskólalabú
Aðst. Leikskólakennari	1	1 kvk	82,5 (veikindaleyfi)	Diploma - HÍ
Leikskólakennari	2	2 kvk	150%	B.Ed og M.T
Grunnskólakennari	1	1 kvk	100%	B.Ed. + B.A. próf
Sérkennsla	1	1 kvk	75%	B.A. Þroskaþjálfari
Matráður	1	1 kvk	100%	Matsveinn MK
Ábm. elstu barna	1	1 kvk	50%	Félagsliði
Fæðingarorlof	2	2 kvk	200%	B.A. uppeldis- og menntunarfr. Leiðbeinandi í leikskólakennarafræði



5.2 Starfsþróunarsamtöl

Það er stefna LFA að starfsmenn hafi ávallt mikinn og nánast ótakmarkaðan aðgang að stjórnendum til að ræða málefni sem brenna á hverjum og einum, eða jafnvel einungis að koma aðeins við á skrifstofunni til að spjalla.

Það er stefna okkar að auki við árleg starfsmannasamtöl að annað hvert ár verði sá háttur hafður á að deildarstjórar fái sitt fólk í starfsþróunarsamtal og leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eigi samtál við deildarstjóra og aðra starfsmenn utan deilda, það er hluti af valdeflingu deildastjóra.

5.3 Fræðsla

Endurmenntun og fræðsla er sjálfsögð og allt starfsfólk er hvatt til að sækja sér hana óháð kyni. Allir leggjast á eitt um að gera samstarfsmönnum sínum kleift að sækja sér nýja þekkingu. Leikskólinn uppfyllti símenntunaráætlun frá fyrra skólaári að því marki sem námskeið voru haldin og mönnum leyfði.

Eftirfarandi símenntun átti sér stað á liðnu skólaári.

- Fyrirlestur um Vináttu barnaheilla. Barnaheill. Allir starfsmenn, september 2022.
- Námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Vinnuverndarskólinn. Fagstjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, október 2022
- Hvernig gengur?- Innra mat í leikskóla. HÍ. Fagstjóri, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, október 2022
- Hvenær er skylt að tilkynna aðstæður barna til barnaverndaryfirvalda? HÍ. Aðstoðarleikskólastjóri, október 2022
- Skyndihjálp ungra barna. Slysavarnahúsið, Herdís Storgaard. Allir starfsmenn, janúar 2023.
- Fræðsla fyrir kennara um sálfélagslegan stuðning við börn á flóttá þann. Rauði krossinn. Fagstjóri, janúar 2023
- Svefn leikskólabarna. EHÍ. Fagstjóri, febrúar 2023
- Námskeið í vinnurétti fyrir stjórnendur. SSSK. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, mars 2023
- Fagleg hegðun og samskipti á vinnustað. EHÍ. Aðstoðarleikskólastjóri, apríl 2023
- Stjórnun fyrir nýja stjórnendur. EHÍ. Fagstjóri, maí 2023

Eftirfarandi símenntum hefur nú þegar verið skipulögð og stefnt er að:


- Tras-réttindi. EHÍ. Deildarstjóri, haust 2023
- Jákvæðni og vellíðan í lífi og starfi. Ragnhildur Vigfúsdóttir. Allt starfsfólk, sept 2023.
- Ýmis námskeið á vegum Menntafléttu.



6 Aðrar upplýsingar


6.1 Fossakot

1. júní eru 61 nemendur í vistun. Leikskólinn rúmar 80 nemendur í heildina. Verið er að vinna í að vista inn í laus pláss fyrir komandi skólaár. Súluritið hér að neðan gefur glögga mynd af aldursdreifingu nemendanna.



- Kynjahlutfall

Kynjahlutfall er nú þannig að stúlkur eru nokkuð fleiri en drengir, eða 25 drengir á móti 36 stúlkum.



- Dvalarstundir

Heildardvalarstundir í Fossakoti 1. júní 2023 eru nú 503 klst.

- Fjöldi nemenda sem nutu stuðnings

Eins og staðan er 1. júní 2023 er einn nemandi í leikskólanum sem nýtur stuðnings undir leiðsögn sérkennara.

- Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku

Það eru 3 nemendur í leikskólanum þar sem annað eða báðir foreldrar eru af erlendum uppruna.


- Fjöldi tungumála

Fjöldi þeirra tungumála sem notuð eru á heimilum nemenda í Fossakoti eru tvö auk íslensku. Það eru enska og pólska




6.2 Korpukot

1. júní 2023 eru 94 nemendur í vistun. Leikskólinn rúmar 100 nemendur samtímis og er í vinnslu að fullvista inn í öll þau pláss þegar nýtt skólaár hefst. Súluritið hér að neðan gefur glögga mynd af aldursdreifingu nemendanna.



Kynjahlutfall

- Kynjahlutfall er nú þannig að drengir eru nokkuð fleiri en stúlkur, eða 35 drengir á móti 59 stúlkum.



- Dvalarstundir

Heildardvalarstundir í Korpukoti 1. júní 2023 eru nú 751,5 klst.

- Fjöldi nemenda sem nutu stuðnings

1. júní 2023 eru 4 nemendur í leikskólanum sem njóta stuðnings í 2. flokki undir leiðsögn sérkennara.

- Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku

Það eru 12 nemendur í leikskólanum þar sem annað foreldri er af erlendum uppruna.

- Fjöldi tungumála

Fjöldi þeirra tungumála sem notuð eru á heimilum nemenda í Korpukoti eru sex auk íslensku. Það eru enska, fríneska (hollenska), albanska, spænska, tagalog, pólska, franska, kínverska og búlgarska.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vegna staðsetningar leikskólans og búsetu nemendanna hefur ekki verið skipulagt samstarf við grunnskóla. Stefnt er að því að hefja samstarf við grunnskólana og fylgjast að í heimsóknir með leikskólum hverfisins.

Leikskólinn boðar til skilafundar þegar barn hefur notið sérkennslu, einnig ef þess er sérstaklega óskað. Leikskólastjóri eða sérkennslustjóri sendir með leyfi foreldra/forráðamanna greinargóðar upplýsingar og önnur gögn sem talin eru nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar skólagöngu nemanda til viðkomandi grunnskóla í maí/júní ár hvert.

Afrit af forsiðu HLJÓM-2 fylgir hverju barni yfir á næsta skólastig.

8 Foreldrasamvinna

8.1 Foreldrafundir

Kynningarfundur foreldra nýrra nemenda er haldinn í maí/júní ár hvert og nú síðast 7. júní. Markmið fundarins er að hefja samstarf milli heimilis og leikskóla, leggja grunn að gagnkvæmum kynnum ásamt því að miðla helstu upplýsingum um starf okkar hér í leikskólanum, ferli aðlögunar og spurningum frá foreldrum svarað.



Að hausti er almennur foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt. Þar kynna deildarstjórar starf hvernar deildar fyrir sig auk þess að megináhersluatriðum leikskólans eru gerð góð skil. Á þeim fundi er einnig kosið í foreldraráð og foreldrafélag.

8.2 Foreldrasamtöl

Á síðastliðnu skólaári voru gerðar breytingar á og foreldrar boðaðir í samtöl einu sinni á hvorri önn þ.e. í nóvember og mars/apríl. Í samtölum sem þessum er farið er yfir almennan þroska og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrum stendur ávallt til boða og eru hvattir til að leita til okkar og fá slíkt samtal umfram þessi skipulögðu foreldrasamtöl.

8.3 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskóla LFA ehf. Það er kosið í ráðið á foreldrafundi í október ár hvert. Í ráðinu sitja tveir foreldrar úr Korpukoti og tveir foreldrar úr Fossakoti auk leikskólastjóra. Foreldraráðið starfar nær einungis í gegnum tölvupóstssamskipti.

8.4 Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur það markmið að virkja samstarf heimilis og leikskóla með ýmsum viðburðum. Stjórn foreldrafélagsins einsetur sér að skipuleggja öflugt og gjöfult starf, þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Foreldrafélögin eru tvö, í Fossakoti annars vegar og Korpukoti hinsvegar. Við fengum til okkar jóllaleikskýningu og skemmtiatriði á sumarhátíð. Auk þess taka foreldrafélögin þátt í vináttuverkefni okkar með kaupum á Blæ-böngsum fyrir nemendur.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

9.1 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru þrír yfir skólaárið. Hver mínúta hefur ávallt verið vel nýtt á þessum dögum til að komast m.a. yfir nauðsynlegt skipulag er varðar leikskólastarfið og samræma og kynna nauðsynlega verkferla er varða öryggi allra sem hér eru við leik og störf.

Á hverju vori setjast deildarstjórar niður ásamt stjórnendateymi leikskólans og sérkennslustjóra og meta liðið skólaár, renna yfir og samþykkja skóladagatal og huga að skólaþróun og efla um leið það lærdómssamfélag sem þetta teymi er. Á næsta skólaári er gert ráð fyrir að auka við teymisvinnu deildastjóra enn frekar með auknum samstarfi og tíðari fundum þvert á húsnaði.



9.2 Leikskóladagatal

Stjórnendateymi leikskólans setur saman leikskóladagatalið. Við skipulagningu er lýðræði haft að leiðarljósi og hlustað eftir óskum barna, foreldra og starfsfólks þegar viðburðir og aðrir þættir eru skráðir inn. Deildarstjórar allra deilda lesa yfir og samþykkja dagatalið áður en það er gefið út.

10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 – Markmið LFA um menntastefnu Reykjavíkurborgar

Fylgiskjal 2 - Mat deildarstjóra á nýju fyrirkomulagi aðlögunar.

Fylgiskjal 3 – Samantekt um sérkennslu

Fylgiskjal 4 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 5 - Skráningarblað á TRAS vinnustund

Fylgiskjal 6 – Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 7 – Skóladagatal

Gert í Reykjavík 21. júní 2023

Fyrir hönd LFA ehf. / Fossakot og Korpukot

Kristín Björk Viðarsdóttir, leikskólastjóri

Katrín María Emilsdóttir, fag- og verkefnastjóri



Fylgiskjal 1

Markmið LFA um menntastefnu Reykjavíkurborgar (sýnishorn)

Félagsfærni: Samfélagsleg ábyrgð og virkni

Leikskólinn hefur komið 19 þáttum af 26 til framkvæmdar annað hvort að fullu eða að miklu leyti.

Þeir sjö þættir sem eftir sitja eru eftirfarandi:

Markmið eins og þau eru sett fram	Tillögur að úrbótum	Áætluð lok
3. Í skólanámskrá/starfsáætlun kemur fram hvernig virkt samstarf er við aðra leikskóla, grunnskóla, frístund og þónustumiðstöð	Á ekki við sökum þess að leikskólinn er bæði sjálfstætt rekinn og ekki í íbúðarhverfi.	---
11. Reglur leikskólans eru skýrar og öll börn taka þátt í að móta þær, m.t.t. aldurs og þroska	Áskrift að 123skoli.is. Reglur gerðar með börnum í skólahóp sem skulu gilda í skólastofunni og vettvangsferðum.	Vor 2023
12. Öll börn fá tækifæri til að vera leiðtogar og stjórna t.d. í samverustund, leikjum og hópastarfi	Börn fá ábyrgðarhlutverk í deildinni sbr. samverumeistari, borðameistari, fataklefameistari o.fl.	Vor 2024
14. Börn hafi val um fjölbreytt viðfangsefni, efnivið, hreyfingu, vettvangsferðir og fleira eftir þeirra áhugasviði	Í vinnslu.	Óákv. Eigi síður en vor 2030
15. Verkefni sem miða að því að tengjast nærsamfélagi og nærumhverfi eru hluti af námi barna	Í vinnslu. Elsti árgangur fær að kynna heimili sitt fyrir félögum sínum með gönguferðum	Óákv. Eigi síður en vor 2030
16. Fjölbreytt samfélagsverkefni eru unnin, t.d. umhverfisverkefni, endurvinnsla, góðgerðarverkefni, sjálfboðastörf	Skipulagðar verða reglulegar plokkefni með börnum leikskólans. Endurvinnsluvika fær meira vægi og efniviður að heiman verður meira nýttu (fernur, dollur o.fl).	Vor 2023
22. Börn þekkja réttindi sín út frá Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna	Heil vika í leikskólastarfinu tileinkuð Barnasáttmálanum í tengslum við dag mannréttinda barna í október	Óákv. Eigi síður en vor 2030



Fylgiskjal 2

Í mati deildastjóra á nýju fyrirkomulagi aðlögunar við nývistun kom eftirfarandi fram:

Deildastjórar eru sammála um að börn eigi að mæta seinna á daginn. Í upprunalegu fyrirkomulagi var mæting kl 9:00 en allir deildastjórar meta að það sé of snemmt og vilja að börnin mæti ýmist kl. 9:30 alla dagana í aðlögunarvikunni eða kl. 9:30 fyrstu tvo dagana og svo kl. 9:15 hina þrjá. Þeir telja að deildin og starfsmenn séu ekki tilbúin að taka á móti börnunum kl. 9:00, t.d. vegna morgunverðar. Deildastjóri í Fossakoti vill að börnin borði hádegismat fyrr en önnur börn á degi tvö og fari áður en börnin sem þegar hafa hafið vistun borða.

Þá kom einnig fram að deildastjórar kunnu að meta að gert var hlé á aðlögunarferli í tvær vikur þar sem engin ný börn voru vistuð inn. Þeir töldu börnin hafa aðlagast betur og grátið minna auk þess sem þeir kynntust foreldrum betur en ella. Þó er bent á mikilvægi þess að þau börn sem skipta um leikskóla/deild þurfi að vera farin af deildinni áður en aðlögun hefst.

Eftir mat deildastjóra var fyrirkomulagi aðlögunar breytt lítillega og er sem hér segir

Dagur 1 Þriðjudagur	Barn og foreldri mæta kl. 9:30 og eru saman í leikskólanum til kl. 10:30
Dagur 2 Miðvikudagur	Barn og foreldri mæta kl. 9:30 og eru saman í leikskólanum til kl. 11:30. Foreldri gefur barninu hádegismat í leikskólanum
Dagur 3 Fimmtudagur	Barn og foreldri mæta kl 9:15. Foreldri kemur inn með barninu og kveður það kl 9:30 þegar ávaxtastund hefst. Barnið er sótt þegar það vaknar eftir lúr
Dagur 4 Föstudagur	Barn og foreldri mæta kl. 9:15 og foreldri kveður barnið strax og fer. Barnið er sótt þegar það vaknar eftir lúr
Dagur 5 Mánudagur	Barn og foreldri mæta kl. 9:15 og foreldri kveður strax og fer. Barn er sótt kl 15:00
Hafa ber í huga að þetta er aðeins til viðmiðunar. Tveimur til þremur vikum eftir að aðlögun hefst fá foreldrar símaviðtal frá deildarstjóra.	



Fylgiskjal 3

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Í starfi leikskólans er mikil áhersla lögð á markvissa örvun með alhliða málstarf og er málþroski skráður hjá öllum nemendum og fylgst er vel með og gripið til íhlutunar ef þarf. Ekki er til áætlun um snemmtæka íhlutun, en áætlað var að setja hana á laggirnar og innleiða á þessu skólaári. Þeirri er ekki lokið en hún er þó hafin.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir nemendur sem hafa úthlutaðan stuðning. Þær er unnar í samvinnu við hagsmunaaðila þ.e. viðkomandi nemanda, foreldra hans, starfsmenn og annarra er koma að málinu. Starfsmönnum deilda eru kynntar þær áherslur sem unnið er að hverju sinni með nemendum sem njóta sérkennslu. Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum, kennurum og öðrum sérfræðingum sem koma að vinnu með barni sem hefur úthlutaða stuðningstíma. Teymisfundir eru jafnframt haldnir með foreldrum þeirra barna sem njóta sérkennslu án úthlutaðra stuðningstíma sem og viðkomandi kennurum skólans hverju sinni.

Starfsmenn leikskólans leitast við að veita ráðgjöf til foreldra og þeir hvattir til að óska eftir þeirri þjónustu ef þeir telja þörf á. Jafnframt eru stjórnendur með réttindi til að halda foreldranámskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*.

Gott samstarf er á milli leikskólans og Austurmiðstöðvar, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Æfingastöðvarinnar og annarra stofnanna er við koma máli hverju sinni.

Þroskaþjálfari sinnir og heldur utan um nemendur með úthlutaðan stuðning og sinnir málefnum í kringum þá vinnu. Fagstjóri sér um fræðslu og ráðgjöf til foreldra og faglegan stuðning til starfsmanna.



Fylgiskjal 4

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Skólaárið 2022-2023 voru 15 börn í Fossa- og Korpukoti fjöltyngd. Allir þessir nemendur eru af annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda sem þýðir að þau eru öll fædd og uppalin hér á landi og þar af leiðandi í íslensku umhverfi og samfélagi.

Við leggjum engu að síður ríka áherslu á að allir nemendur á leikskólunum kynnist smám saman því samfélagi og menningu sem þau lifa í og um leið ólíkum fjölskyldugerðum og menningarheimum. Þetta er gert með því að halda fjölmeningarviku einu sinni á ári þar sem fjöltyngdir nemendur hafa tækifæri til að sýna og segja frá landi sínu og þjóð. Í forstofu leikskólans eru einnig þjóðfánar allra nemenda og ritmál þeirra sýnilegt og þeim boðið góðan daginn á eigin tungumál. Við teljum og vonum að með þessu upplifi viðkomandi fjölskyldur sig velkomin í leikskólann. Þá heldur leikskólinn hátíðlega upp á þjóðhátíðardaga allra barna sem þar dvelja með hátíðarhöldum og fróðleik um viðkomandi land.

Öll börn sem hafa náð 2,4 ára aldri fara í svokallaðar TRAS-vinnustundir einu sinni í viku þar sem unnið er með margar hliðar mál- og félagsþroska og eru einstaklingsskráningar gerðar á þessum þroska einu sinni í viku allan veturinn.

Mikil áhersla er lögð á allt málstarf í leikskólunum og er unnið að því að dýpka orðaforða og skilning barnanna í daglegu starfi, með bókaestri, söng og leik auk þess reynt er að hafa ritmálið sýnilegt börnunum.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig? Með hvaða aðferðum?
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Nei	Gefðu 10 með hverjum og einum starfsmanni deildar daglega
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	M.a. með því að krefjast svara frá nemendum
Er markvisst verið að dýpka orðaforða nemenda?	Já	Alhliða málörvun, samtal, bækur og fl.
Er fylgst með framförum nemenda?	Já	TRAS skráningar
Er hugað að öllum þáttum máls og virkni barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Skv. TRAS



Fylgiskjal 5

Skráning á TRAS-vinnustund

Hópur: _____

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Barn: _____ Gat allt Gat að hluta Gat ekkert

Athugasemdir um börnin:

Athugasemd um verkefnið sjálft:



Fylgiskjal 6

Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskóla LFA, Fossakots og Korpukots hefur kynnt sér greinargerð leikskólastjóra og starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024.

Leikskólinn vinnur eftir kenningum John Dewey sem m.a. stuðlar að lýðræði, skipulögðu starfi með svigrúmi til að mæta þörfum hvers og eins og að læra af reynslunni. Leikskólinn fylgir þessari stefnu og stefnt er á að bæta lýðræði enn frekar við skólastarfið sem foreldraráð styður fullum huga.

Starfsáætlunin er skýr og fer ítarlega yfir hvert atriði. Þar kemur skýrt fram hvernig leikskólinn og deildirnar sjálfar vinna að markmiðum menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Leikskólinn vinnur markvisst að læsi og málþroska, t.d. með verkefnum eins og Lubbi finnur málbein, TRAS ásamt bókalestri, söng og þulum. Til staðar er sérstök áætlun varðandi málörvun fjöltýngdra barna. Varðandi félagsfærni þá vinnur leikskólinn með vina- og forvarnarverkefnið Blær ásamt hópastarfi. Unnið er að því að tengja Blæ við lífsgildavinnu leikskólans, sem er grunnur leikskólastarfsins.

Umbótaráætlun er til staðar fyrir allar deildir og ánægjulegt að sjá að þau atriði sem ekki tókst að framfylgja síðasta leikskólaár verður haldið áfram með að vinna að á því næsta, þá sérstaklega varðandi skráningar og aukna og fjölbreyttari útiveru. Í umbótaráætlun leikskólans í heild má helst sjá að enn er unnið að valdeflingu deildarstjóra og stuðningi við þá, stofna á menntastefnuteymi, auka á samstarf starfsstöðva og endurmenntun starfsfólks.


Aðlögunarferli nýrra barna hefur verið lengt og hefur það gefið góða raun, lýðræði barna hefur aukist og upplýsingaflæði til foreldra hefur batnað með innleiðingu nýs hugbúnaðar til að senda út fréttabréf.


Upplýsingar um nemendafjölda og aldursskiptingu þeirra er að sjá í áætlun ásamt stöðugildum starfsmanna og menntun þeirra. Leikskólinn hefur fengið jafnlaunavottun og vinnur að innleiðingu styttingu vinnuvikunnar sem foreldraráð telur að sé til bóta til að halda í þann mannauð sem vinnur á leikskólanum sem og að laða að hæft starfsfólk.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlun eins og hún kemur hér fram.


Aldís Sigurðardóttir


Ásdís Erna Guðmundsdóttir


Helga Dögg Yngvadóttir


Rósey Ósk Stefánsdóttir

Nafn skóla: **Korpkot/Fossakot**
 Bit með lýrera um breytingar

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Samband íslenskra
sveitarfélaga

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F			1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L			2 Þ	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S			3 M	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M			4 F	4 S	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ			5 S	5 M	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M			6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F			7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F			8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L			9 Þ	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S			10 M	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M			11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ			12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M			13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F			14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 Þ	14 F	14 F	14 S
15 Þ	15 S			15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L			16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S			17 M	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M			18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 F			19 Þ	19 M	19 Þ	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M			20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F			21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 S			22 M	22 M	22 M	22 F	22 Þ	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L			23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S			24 M	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M			25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ			26 M	26 F	26 M	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M			27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F			28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 S			29 M	29 F	29 M	29 F	29 Þ	29 M	29 L	29 M	29 M
30 M	30 L			30 F	30 L	30 Þ	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F	31 Þ			31 M	31 S	31 M	31 F	31 S	31 M	31 F	31 F	31 M

